

Álit

um till. til þál. um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur að beiðni félags- og tryggingamálanefndar tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (334. mál). Nefndin fékk á sinn fund Hildi Jónsdóttur frá forsætisráðuneytinu og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá velferðarráðuneyti.

Þeir þættir sem nefndin telur einkum á málefnasviði sínu eru þeir sem snúa að stjórnslu, fjármálum, mati og eftirliti með áætluninni.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið að enn betur þurfi að vinna innan Stjórnarráðsins að því að sem jöfnust kynjaskipting verði í nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum ríkisins. Jafnréttisáætlanir ráðuneyta gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda jöfnum tækifærum karla og kvenna. Nefndin er sammála því að fylgja þurfi því eftir að jafnréttisumbætur nái fram að ganga innan stjórnkerfisins. Tryggja þarf að öll störf standi jafnt konum sem körlum til boða og mikilvægt er að gætt sé jafnræðis kynjanna við sértækar aðgerðir stjórnvalda sem ætlað er að stuðla að fjölgun starfa og nýsköpun. Nefndin telur einnig mikilvægt að möguleiki sé á að vinna áfram að verkefnum sem leiða af áætluninni eins og gert er kleift með framkvæmdasjóði jafnréttismála. Þó telur nefndin að setja þurfi reglur um sjóðinn og að nauðsynlegt sé að ráðherranefndin setji viðmið fyrir fram við úthlutun úr sjóðnum.

Nefndin leggur áherslu á að sem fyrst verði metið hvaða áhrif breytingar í ríkisrekstri eftir hrun hafa haft, greint eftir kynjum. Taka þarf tillit til þess mats við gerð fjárlaga næstu ára ef jafna þarf hlut kynjanna að lokinni aðlögun ríkisrekstrar að breyttu umhverfi. Að sama skapi er þýðingarmikið að þróuð verði mælitæki sem nýtast við að taka ákvarðanir um laun á vinnumarkaði þar sem sömu mælikvarðar eru notaðir til að ákvarða laun karla og kvenna. Of hægt hefur gengið að uppræta kynbundinn launamun og leita þarf allra leiða til að vinna á þeim óréttláta mun sem alls ekki á að líðast.

Nefndin telur mikilvægt að eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar sé virkt og að skýrsla þar um verði send Alþingi og tekin þar til umræðu í kjölfar árlegrar greinargerðar jafnréttisfulltrúa til Jafnréttisstofu. Nefndin lýsir ánægju með að árangursmeta eigi áætlunina en bendir jafnframt á að fyrir hvert verkefni þurfi að setja skýr viðmið fyrir matið. Annars hafi matið lítinn tilgang og óljóst geti verið að því loknu hver árangurinn er.

Fjárlaganefnd lýsir ánægju sinni með það verklag sem birtist með áætluninni í heild og telur líklegt til árangurs að skipta henni niður í afmörkuð verkefni.

Alþingi, 22. mars 2011.

Oddný G. Harðardóttir, form.,
Ásbjörn Óttarsson,
Ásmundur Einar Daðason,
Björgvin G. Sigurðsson,
Höskuldur Þórhallsson,
Kristján Þór Júlíusson,
Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
Þór Saari,
Þuríður Backman.